

UM ALDAMÓTIN 2000

I

Fyrir skömmu sagði mag. V. P. Gíslason í útvarkinu, frá skáldsögu, sem er látin gerast nálægt aldamótunum næstu. Michael Arlen minnir mig höfundurinn heiti. Virtist mér sem lýsing sú á framtíðinni væri gerólik því sem verða mun. Engin veruleg nýung virtist hér hafa komið fram. En þetta mun verða mjög á annan veg. Og það er hægt að segja alveg með vissu, hvað það verður, sem í aðalatriðum setur mark sitt á þá framtíð. Alheimslíffræðin verður það eða stjörnulíffræðin, og sambandið við íbúa stjarnanna. Þykir mér mikils vert að geta í þessu sambandi vitnað í skoðanir manns, er hefir áunnið sér frægð sem guðfræðingur, rit-höfundur og stærðfræðingur, en það er dr. Barnes biskup í Birmingham, einn af merkustu mönnum ensku kirkjunnar.

Ekki er það þó af því að ég þurfi þeirra skoðana á nokkurn hátt við til að auka þekkingu mína eða efla sannfæringu mína í þessum efnum, sem mér þykja þær svo mikils verðar, heldur annars vegna. Mönnum hefir verið svo hætt við nokkrum rangindum gagnvart mér. Ekki einu sinni jarðfræðirannsóknir mínar hafa fyllilega fengið að njóta sannmælis ennþá, og mætti þó án þeirra heita algert myrkur yfir hinum sérstaklega íslenska kafla í jarðmyndun landsins, hinni pleistocenu basaltmyndun með millilögum, sem er svo afar merkileg, og líkist um það Íslendingasögum, að hún á ekki sinn líka í neinu landi öðru, svo að enn sé kunnugt. En margir, sem ekki hika við að telja það, sem ég hefi sagt um lífið á stjörnunum og samband við það, markleysu eina, munu átta sig á því, að það væri ekki svo viturlegt að hafa að engu skoðanir hins breska kirkjuhöfðingja, sem einn allra biskupanna er meðlimur vísindafélagsins breska, F. R.

S. En eins og ég hefi getið um hér áður (s. 370) þá telur dr. Barnes líklegt, eða öllu heldur virðist vera sannfærður um, að mannabyggð sé á öðrum jarðstjörnum, og að lengra komnir stjörnubúar séu að reyna að koma á sambandi við oss hér á þessari jörð. Mjög er það eftirtektarvert, að Barnes biskup sagði í ræðu þeirri, sem ég þýddi kafla úr, að verur mundu vera til á öðrum jarðstjörnum, sem miklu lengra væru komnar í andlegum efnum en mankyn vorrar jarðar. En það er óhætt að vera viss um, að það er ekki einungis í andlegum efnum, sem sumir stjörnubúar eru lengra komnir en vér hér á jörðu.

II

Um aldamótin 2000 verða hagir mannkynsins orðnir gerbreyttir frá því sem nú er. Væri um það langt mál að rita, en ég mun að sinni aðeins drepa á nokkur sérstaklega mikilsverð atriði. Fyrst og fremst verður heilbrigði og farsæld miklu almennari og meiri en nú gerist, því að mjög miklu betur verður kunnað að færa sér í nyt það sem miðar til eflingar lífsins, hvort sem það er ástin, ljósið, eða fýri og ilmi (ozon) loftsins. Hver maður mun þá eiga þess kost, miklu framar en nú gerist, að ástunda að verða sem fullkomnastur, bæði andlega og líkamlega. Mjög mikil breyting verður orðin á atvinnuvegunum. Enginn maður verður þá aðala aldur sinn við að brjóta berg í þróngum námugöngum, og eiga á hættu, eins og svo oft hefir borið við, að verða þar lifandi grafinn og bíða hinn hræðilegasta dauðdaga. Þess verður þá engin þörf, að farið sé niður í jörðina til að sækja sólskin — því að kol má segja að sé margra milljóna ára gamalt sólskin í nokkurskonar álögum, sem það leysist úr þegar kolin brenna. Menn munu þá kunna að nota sólskin samtíðarinnar. Jarðrækt mun verða stunduð mjög mikið, en með mjög breyttum og nýstárlegum aðferðum. Hraðrækt mætti nefna það, og verða við það notaðir geislar, sem menn vita nú lítið um. Nýjar ávaxtategundir verða þá framleiddar, miklu hollari og bragðbetri en þær, sem nú þekkjast. En ekki er ég með þessu að segja að hveiti og rúgur verði þá úr

sögunni, heldur munu þá verða notaðir til fulls bragð- og hollustumöguleikar þessara ágætu ávaxta; en enn sem komið er vantar mikið á, að það sé gert eins og mætti. Alls ekki verður þá tíðkað að ala upp skepnur til þess að drepa þær. Gagnvart selum og hvöllum, þessum merkilegu dýrum, sem nú eiga svo hryllilegu miskunnarleysi að mæta af manna-anna hálfu, munu menn koma fram eingöngu sem dýravinir og hafa mikla ánægju af þeim á ferðum sínum. Og það mun verða ferðast mikið. Allir munu eiga kost á að sjá mikinn hluta jarðarinnar. Styrjaldir verða engar, enginn vill þá taka á sig hinar óumflýjanlegu afleidiðingar af því að meiða eða drepa. Einnig verða ýmsar deilur flokka og einstakra manna miklu minni en nú, auðveldara að forðast deiluefnin og koma á samtökum. Ósamkomulag um trúarbrögð verður úr sögunni að miklu eða mestu leyti. Menn munu eftir vísindalegum aðferðum leita sambands við lengra komnar verur á stjörnunum, og slíkar verur verða hér jafnvel tíðir gestir. Eins og nokkurs konar æðra sólskin yfir öllu lífinu, verður hin aukna víðsjá og framsjá. Meir og meir munu menn vita, hvers vænta má af framtíðinni, og meir og meir verður það, sem þó er óvænt, betra en búist hafði verið við, svo að hið fornkvæðna: margt gengur verr en varir, verður þá ekki sannmæli framar. Og eins og ég hefi getið um hér áður, verður mikil rækt lögð við draumlífið, og svefnhvíldin notuð til að kynnast lífinu á öðrum stjörnum.

III

Um aldamótin 2000 verður Ísland orðið eitt af skemmtilegustu löndum jarðarinnar, og veðurfarið mun þá ekki verða því til fyrirstöðu að fugurð landsins fái að njóta sín. Loftslagsbreytingin er nú þegar farin að gera vart við sig á mjög eftirtektarverðan hátt, þó að allt gangi enn skrykkjótt um þær og allar aðrar breytingar til batnaðar. En þó þyrfti ekki svo að vera. Á skömmum tíma gæti orðið sú breyting, er glögglega sýndi, að framtíðin mundi verða slík, sem hér er gefið í skyn. Og sú breyting verður, ef menn aðhyllast þá heimspeki sem kalla má hyperzóismus, en hún kennir að

lífið í alheimi eigi að vaxa fram til fullkomins samræmis, en vaxandi samræmi fylgi vaxandi vald á öflum og möguleikum tilverunnar. En stóra sporið sem mankyn vorrar jarðar verður að stíga, er að stilla svo til sambands við fullkomnari íbúa annarra stjarna, að hinn skapandi kraftur nái betur tökum hér hjá oss. En allar hugmyndir um líf í 4. rýmd eða hinum myrka, helkalfa geimi virðast byggðar á misskilningi, og miða til tafar. Stjörnuheimurinn er undirstaða lífsins, öll hans öfl eiga að verða í þjónustu lífsins, og að vér deyjum hér á jörðu, stafar ekki af því að tilganginum með lífi í efnisheimi hafi verið náð, heldur af því, að oss hefir ekki tekist nógu vel að lifna.

5. 3. '33.

En allar hugmyndir um líf í 4. rýmd eða hinum myrka, helkalfa geimi virðast byggðar á misskilningi, og miða til tafar. Stjörnuheimurinn er undirstaða lífsins, öll hans öfl eiga að verða í þjónustu lífsins, og að vér deyjum hér á jörðu, stafar ekki af því að tilganginum með lífi í efnisheimi hafi verið náð, heldur af því, að oss hefir ekki tekist nógu vel að lifna.

En allar hugmyndir um líf í 4. rýmd eða hinum myrka, helkalfa geimi virðast byggðar á misskilningi, og miða til tafar. Stjörnuheimurinn er undirstaða lífsins, öll hans öfl eiga að verða í þjónustu lífsins, og að vér deyjum hér á jörðu, stafar ekki af því að tilganginum með lífi í efnisheimi hafi verið náð, heldur af því, að oss hefir ekki tekist nógu vel að lifna.